

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 203/2003 um dreifingu ösku utan kirkjugarðs.

1. gr.

Ákvæði 1. gr. orðast svo:
Sækja má um leyfi til dreifingar á ösku látins manns utan kirkjugarðs til sýslumannsins á Siglu-
firði.

2. gr.

Í stað „dóms- og kirkjumálaráðuneytið“ í 2. gr. og 9. gr., „ráðuneytinu“ í 9. gr., „dóms- og
kirkjumálaráðuneytinu“ í 10. gr. og „ráðuneytið“ í 10. gr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: sýslu-
maður.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 4. og 5. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 50. gr. laga nr.
36/1993 um kirkjugarða, greiftrun og líkbrennslu, með síðari breytingum, sbr. 21. gr. laga nr.
145/2013, öðlast gildi 1. febrúar 2014.

Innanríkisráðuneytinu, 21. janúar 2014.

Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Ragnhildur Hjaltadóttir.